



**Blái herinn** hreinn óvinningur

HREINSUNARÁTAK Á ÍSLANDI - VERTU MEÐ



## UMHVERFISMÁL ERU FYRIR ALLA



Vistlegra og fallegra umhverfi er að verða mun stærrí liður í ákvarðanatöku íbúa um val á heimili og bæjarfélagi. Kannanir sem við gerðum í upphafi okkar umhverfisátaks, fyrir 4 árum síðan, sýndu að auk menntunar-

tækifæra, atvinnu og úrvals í þjónustu skipti hreint og vistlegt umhverfi mestu um val á framtíðarbúsetu.

Umhverfismál kalla á sérfræðþekkingu. Við hreinsun umhverfis, sem getur verið alvarlega mengað, eða þar sem hreinsa skal þunga hluti, þarf fagþekkingu og búnað við hæfi.

Reykjanesbær leitaði því eftir samstarfi við reynda aðila á þessu sviði, þ.á.m. Bláa herinn, sem hefur sérþekkingu á hreinsun við sjávarstrendur. Blái herinn hefur stjórnanda og sjálfbóðaliða með staðgóða þekkingu og brennandi áhuga á að bæta umhverfi strandlengjunnar við Ísland.

Markmið okkar fyrsta árið var að safna 100 tonnum af járnarusli úr jarðvegi nærri iðnaðarrekstri og úr fjörunum meðfram Keflavík, Njarðvík og Höfnum á Reykjanesi. Afraksturinn varð rúmlega 1000 tonn.

Árið eftir var átakinu fylgt eftir með sambærilegum hætti og árangri. Næstu ár á eftir sýndu að enn var þörf á hreinsun þótt Grettistaki hafi verið lyft í þessum þætti umhverfismála á aðeins örfáum árum.

Blái herinn og forsvarismaður hans, Tómas Knútsson, hafa fengið verðskuldaða viðurkenningu fyrir einstakt framlag sitt hér á landi. Vinna Bláa hersins hefur einnig náð athygli alþjóðasamfélagsins.

Nú eru aðstæður til að sækja fram og bjóða fleiri sveitarfélögum til samstarfs. Forsvarsmenn Bláa hersins eiga þá hugsjón að stendur allra sveitarfélaga verði hreinsaðar af aðskotahlutum sem þar hafa safnast í tímans rás. Þeir byggja á sjálfbóðastarfi sem stutt er framlögum fyrirtækja í umhverfishreinsun á landi. Átaksverkefnið í Reykjanesbæ hefur því kostað bæjarfélagið afar lítið úr bæjarsjóði.

Ekkert á að vera því til fyrirstöðu að sveitarfélag, sem hefur áhuga á að nýta þessa þekkingu Bláa hersins, tengja hana fyrirtækjum sem sérhæfa sig í hreinsun á landi og vilja á sama hátt sýna stuðning við umhverfið, nái sambærilegum árangri og við náðum í Reykjanesbæ á örfáum árum.

Árni Sigfússon bæjarstjóri



## HREINSUM LANDIÐ

Umhverfissamtökin Blái herinn gangast fyrir landsátaki í hreinsun og fegrun landsins. Víða þarf að taka til hendinni í þessum málum, t.d við strendur landsins, á lóðum fyrirtækja, einkalóðum og almennings-svæðum. Blái herinn vill hrinda þessum áformum í framkvæmd með eftirfarandi hætti:

- Við ætlum að hvetja sveitarfélög til að beita sér fyrir fegrun og hreinsun umhverfis og leggja þeim lið í því verkefni
- Við viljum virkja Íslendinga til að lifa í sátt við umhverfi sitt með markvissum skilaboðum
- Við ætlum að virkja almenning, ekki síst börn og ungmenni, til þátttöku í allsherjar hreinsunar- og fegrunarátaki
- Markmið okkar er jafnframt að valda og viðhalda hugarfarsbreytingu meðal almennings, ekki síst ungu kynslóðarinnar, hvað snertir umgengni og snyrtimennsku þar sem okkar nánasta umhverfi á í hlut

## HREINN ÁVINNINGUR

Ávinningurinn af hreinna umhverfi er margvíslegur og í sumum tilfellum ómetanlegur. Þannig getur rusl og slæm umgengni á lóðum fyrirtækja valdið óbætalegum skaða á ímynd þeirra, ekki síst þegar matvæla-fyrirtæki eiga í hlut.

Hreinleiki umhverfis hefur einnig mikil áhrif á þá mynd sem erlendir ferðamenn fá af landinu í huga sér og því er góð umgengni og vilji til að taka til hendinni í þessum efnum afar mikilvæg fyrir þessa starfsgrein.

Ennfremur eykur hreint og fagurt umhverfi lífshamingju okkar allra.

Síðast en ekki síst má víða finna hættuleg spilliefni í umhverfi okkar sem menga náttúruna og valda skaða á lífríki. Hér má t.d. nefna brotajárn, úrgangsolíu, rafgeyma og fleira skaðlegt. Í flestum tilfellum er auðvelt að fjarlægja þessa hluti og koma þannig bæði í veg fyrir slys á fólki og náttúruspjöll.



## UM BLÁA HERINN

Blái herinn var stofnaður árið 1998 og hefur beitt sér fyrir margvíslegum umhverfisverkefnum, einkum hvað snertir hreinsun strandlengjunnar og sjávar. Blái herinn hreinsar hafnir og strandlengjuna af hvers kyns rusli, spilliefnum og öðru því sem mengað getur hafið.

Árið 2003 hlutu samtökin Umhverfisverðlaun Reykjanesbæjar.

Árið 2004 hlutu þau Umhverfisviðurkenningu Pokasjóðs og Ungmennafélags Íslands.

Að þessu sinni vill Blái herinn víkka út athafnasvið sitt og virkja alla landsmenn til allsherjar hreinsunarátaks á Íslandi, þjóðinni allri til hagsbóta.

